

STARFSLÝSING VERKEFNASTJÓRA SOROPTIMISTASAMBANDS ÍSLANDS

Verkefnastjóri Soroptimistasambands Íslands (Landssambands) er kosinn á Landssambandsfundi til tveggja ára í senn. Hann má endurkjósa til tveggja ára.

HÆFNISKRÖFUR

Verkefnastjóri Soroptimistasambands Íslands skal hafa til að bera:

1. Yfirgripsmikla þekkingu og áhuga á verkefnavinnu Alþjóðasambands Soroptimista (SI), Evrópusambands Soroptimista (SI/E) og Soroptimistasambands Íslands.
2. Ábyrgð og áhuga á að stýra og samræma verkefnavinnu Landssambands.
3. Almenna reynslu af verkefnavinnu.
4. Góða hæfni í munnlegri og skriflegri tjáningu á öðru hvoru eða báðum opinberu tungumálum SI/E (frönsku og/eða ensku).
5. Mjög góða tölvufærni.

ÁBYRGÐ

1. Að kynna verkefnakjarna (Programme Focus Objectives) SI, SI/E og Landssambands, svo og verkefni sem Sameinuðu þjóðirnar eiga frumkvæði að, með því að vinna með klúbbum og gefa klúbbfélögum ráð og leiðbeiningar.
2. Að samhæfa vinnu verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra klúbba.
3. Að vinna með og gefa skýrslur til verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra SI/E svo og til starfsmanna aðalstöðvanna í Evrópu (sem kallast verkefnateymi SI/E).
4. Að gefa skýrslur um verkefnavinnu á fundum stjórnar Landssambands sem meðlimur Landssambandsstjórnar.

SÉRSTÖK VERKEFNI

1. Að vinna með verkefnateymi SI/E í gegnum tölvupóst og símafundi.
2. Að vera tengiliður milli stjórnar Landssambands og verkefnateymis SI/E í öllum málum er varða verkefnavinnu.
3. Að gefa verkefnateymi SI/E skýrslu um mál er snerta verkefnavinnu eða mál sem þarfnast sérstakrar athygli, um leið og slík mál koma upp.
4. Að kynna Landssambandi verkefni unnin á vegum SI/E.
5. Að aðstoða við útfærslu og framkvæmd verkefna á vegum Landssambands.
6. Að skrifa greinar í *Link* um áhugaverð verkefni unnin á vegum Landssambands.

7. Að eiga frumkvæði að vali á tilnefningum frá Landssambandi til viðurkenningar fyrir bestu verkefni (Best Practice Awards).
8. Að samhæfa og leggja fram tilnefningar til viðurkenningar Best Practice Awards og senda þær til verkefnateymi SI/E.
9. Að kynna verkefnaákvörðanir SI/E fyrir verkefnastjórum og aðstoðarverkefnastjórum klúbba.
10. Að tryggja að Landssamband hafi nægilegt kynningarefni fyrir verkefni SI og SI/E .
11. Að sækja fundi hjá Landssambandi og gefa skýrslur á fundum.
12. Að leggja til aðgerðir og kynningarefni til að kynna verkefni SI, SI/E og Landssambands.
13. Að hvetja og leiðbeina verkefnastjórum og aðstoðarverkefnastjórum klúbba.
14. Að eiga regluleg samskipti við verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra klúbba og/eða formenn klúbba um verkefni SI/E og Landssambands.
15. Að hvetja til notkunar á gagnabanka SI við innslátt á PFR-skýrslum, fylgjast með PFR-skýrslum klúbba og minna klúbba á að skila skýrslum í gagnabankann.
16. Að taka að sér sérverkefni í tengslum við verkefnavinnu, ef boð um slíkt kemur frá stjórn Landssambands eða verkefnateymi SI/E, svo sem að vinna drög að skjölum, skipuleggja kynningarfundum, semja bréf til klúbba, o.s.frv.
17. Að framsenda til Landssambandsstjórnar þær upplýsingar, bréf eða tilkynningar sem verkefnastjóri hefur tekið á móti og kunna að vera áhugaverðar.
18. Við lok kjörtímabils síns skal verkefnastjóri afhenda án tafar öll gögn og skjöl til eftirmanns síns til að tryggja samhengi í störfum embættisins en jafnframt vera til staðar til ráðgjafar.